

REGLUGERÐ

um (1.) breytingu á reglugerð nr. 502/2024 um gildistöku framkvæmdarreglugerðar framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2022/1646 um samræmt, hagnýtt fyrirkomulag við framkvæmd opinbers eftirlits að því er varðar notkun á lyfjafræðilega virkum efnum sem eru leyfð sem dýralyf eða sem fóðuraufkefni ásamt bönnuðum eða óleyfilegum lyfjafræðilega virkum efnum og leifum af þeim, um sértækt innihald landsbundinna eftirlitsáætlana til margra ára og sértækar ráðstafanir vegna undirbúnings þeirra.

1. gr.

Ákvæði samningsins um Evrópska efnahagssvæðið sem vísað er til í XII. kafla II. viðauka, skulu öðlast gildi með breytingum og viðbótum sem leiðir af I. viðauka, bókun 1 við samninginn og öðrum ákvæðum hans. Á grundvelli ákvörðunar sameiginlegu EES-nefndarinnar, nr. 123/2025 frá 13. júní 2025, öðlast eftirtalin ESB-gerð gildi hér á landi:

Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2024/2563 frá 24. september 2024 um breytingu á framkvæmdarreglugerð (ESB) 2022/1646 að því er varðar viðbótarinnihald landsbundinna áhættumiðaðra eftirlitsáætlana og landsbundinnar áætlunar um eftirlit af handahófi, framlagningu aðildarríkja á þessum áætlunum og gögnum og lágmarkstíðni sýnatöku. Reglugerðin er birt í EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins nr. 54 frá 4. september 2025, bls. 211.

2. gr.

Matvælastofnun og heilbrigðisnefndir sveitarfélaga undir yfirumsjón Matvælastofnunar fara með eftirlit með því að ákvæðum reglugerðar þessarar vegna matvælaeftirlits sé framfylgt í samræmi við 6. og 22. gr. laga um matvæli, nr. 93/1995. Um eftirlit Lyfjastofnunar, sbr. lög um dýralyf, nr. 14/2022, fer samkvæmt 52. gr. sömu laga.

3. gr.

Um brot gegn reglugerð þessari fer samkvæmt 30. gr., 30. gr. a – 30. gr. e og 31. gr. laga um matvæli, nr. 93/1995.

4. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt heimild í 31. gr. a laga um matvæli, nr. 93/1995, 29. gr. laga um dýrasjúkdóma og varnir gegn þeim, nr. 25/1993, 19. gr. laga um innflutning dýra, nr. 54/1990, 17. gr. laga um dýralækna og heilbrigðisþjónustu við dýr, nr. 66/1998, og 74. gr. laga um dýralyf, nr. 14/2022.

Reglugerðin öðlast þegar gildi.

Atvinnuvegaráðuneytinu, 9. september 2025.

F. h. r.

Bryndís Hlöðversdóttir.

Svava Pétursdóttir.

B deild - Útgáfudagur: 17. september 2025